

Mál nr. 351/2011

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar ökumanns og eiganda

Umferðarslys 22.07. 2009, ágreiningur um réttarstöðu, stórkostlegt gáleysi,
skerðing á bótarétti.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 23.08. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.08. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M missti stjórn á bifeið sinni sbr. gögn málsins. Vátryggingafélagið telur að skerða skuli bótarétt M um 1/3 hluta hvort sem um ræðir í kaskótryggingu, líkt og gert var með úrskurði nefndarinnar nr. 151/2011, eða slysatryggingu ökumanns og eiganda. Sömu sjónarmið eigi við. Félagið telur að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi er hann missti stjórn á bifreið sinni með kerru í eftirdragi. M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda fyrir hendi sem nemur 2/3 hlutum tjóns M. Skerðing bótaréttar um 1/3 er sökum stórkostlegs gáleysis M við akstur bifreiðarinnar sbr. fyrirliggjandi úrskurð nefndarinnar nr. 151/2011. Þyngd kerrunnar í umrætt sinn var langt umfram leyfilegt hámark.

Niðurstaða.

Bótaréttur er fyrir hendi sem nemur 2/3 hlutum.

Reykjavík 13. september 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.